

Ed.

426. Frumvarp til laga

um byggingu raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp raforkuveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur á árinu 1944 og annast rekstur hennar fyrst um sinn.

Rekstur raforkuveitu þessarar getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 1800000 kr. lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þingsályktun frá 12. nóvember 1943 var ríkisstjórninni falið að festa kaup á efni til lagningar rafveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa.

Alþingi hafði samþykkt, að efnið skyldi greitt úr ríkissjóði í bili, en tók enga ákvörðun um framkvæmd verksins að öðru leyti.

Um þetta atriði leitaði ríkisstjórnin álits rafmagnseftirlits ríkisins. Það var þess hvetjandi, að undirbúningi að framkvæmd verksins yrði hraðað sem mest, þannig að mannvirkjunum yrði komið upp, þegar er efnið væri komið til landsins. Hin amerísku firmu töldu sig geta afgreitt það nægilega snemma, til þess að framkvæmdum öllum mætti ljúka haustið 1944 eða fyrri hluta þessa vetrar. Rafmagnseftirlitið taldi einnig, að um annað hvort af tvennu væri að ræða, að ríkið kæmi upp veitunni og ræki hana, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, eða samið yrði við Rafmagnsveitu Reykjavíkur um að gera veituna og reka hana með svipuðum skilmálum og hún rekur nú orkuveituna frá Elliðaánum til Hafnarfjarðar. En svo sem kunnugt er, er nú starfandi millipinganefnd í raforkumálum, og er bráðlega vænt tilagna frá henni um heildarskipulag á rafveitum um allt land. Ríkisstjórnin leitaði nú einnig álits þeirrar nefndar, og mælti nefndin eindregið með því, að ríkið kæmi upp veitunni og ræki hana.

Dá skrifaði ríkisstjórnin stjórnnum þingflokkanna fjögurra og leitaði álits þeirra um það, hvort ríkið skyldi koma upp veitunni og hvaðan fé skyldi tekið til að kosta þá framkvæmd. Svör flokkanna voru á þá leið, að þeir voru allir samþykkir því, að ríkið legði raflinuna. Hins vegar voru þeir ekki sammála um, á hvern hátt fjár skyldi afla til framkvæmdanna. Tveir þeirra, Sjálfstæðisflokkurinn og Sócialistaflokkurinn, vildu, að féð yrði tekið úr raforkusjóði, en Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn vildu, að féð yrði tekið að láni.

Allir aðilar, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa verið sammála um þá tilhögun, að innanbæjar- eða innanhreppsveitur í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum skuli vera eign sveitarfélaganna eða sérstakra rafveitufyrirtækja, sem sjái um dreifingu orkunnar innan hreppanna, en ríkið annist aðeins og reki aðalorkuveituna frá Hafnarfirði til Keflavíkur, að meðtalinni aðalspennistöðinni við Keflavík, en frá henni verði orkan afhent innanhreppsveitunum.

Síðasta áætlun rafmagnseftirlits ríkisins um kostnað þessara veituframkvæmda er þannig:

1. Línar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ásamt endaspennistöð ..	kr. 1800000.00
2. Háspennuhluti innanhreppsveitanna í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum	— 1200000.00
3. Gizkað á, að endurbætur á lágspennuveitum innan sveitar kosti um	— 300000.00
	Samtals kr. 3300000.00

Tillaga til þingsályktunar hefur verið lögð fram um ríkisábyrgð á rafveitulánuinu handa Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi, að upphæð allt að 1500000 krónum. Verði sú ábyrgð veitt, munu hrepparnir væntanlega að öðru leyti sjá um útvegum fjár til innansveitarveitnanna.

Með þessu lagafrumvarpi er leitað staðfestingar Alþingis á samþykki flokkanna til þess, að ríkisstjórnin komi upp aðalorkuveitunni og taki til þess lán að upphæð allt að 1800000 krónum og að ríkið reki síðan veituna til bráðabirgða, þar til er heildarskipulag verður gert um rafveitur landsins eða þar til að öðruvísi kann að verða ákveðið.

Þegar er samþykki þingflokkanna var fengið, svo sem að framan greinir, gerði ríkisstjórnin ráðstafanir til þess, að vinna við framkvæmd verksins yrði hafin, og er verkið unnið undir umsjón rafmagnseftirlits ríkisins. Töluverður hluti af efni til veitunnar er þegar kominn til landsins, en von á því, sem eftir er, hingað innan skamms. Tilætlunin er að ljúka verkinu svo fljótt sem verða má, og er þess vænt, að veituna verði hægt að taka í notkun á þessum vetri.